

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoði í 31. gr. laga um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða nr. 55/1998, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. september 2005.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Ásta Einarsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi Breiðholts og Krossaneshaga, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 14. júní 2005 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi Breiðholts, hesthúsa-hverfis. Breytingin felst í því að efst á Miðhúsaklökkum, norðan hesthúsa við Sörlagötu, kemur endurvarpsstöð fyrir farsímakerfi. Afmörkuð er 100 m² lóð og innan hennar gert ráð fyrir tækjaskýli og 16 m háu mastri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 16. ágúst 2005 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að eftirtöldum breytingum á deiliskipulagi Krossaneshaga, lóð nr. 8 við Njarðarnes: Lögun byggingarreits breytist, hámarksvegghæð verður 7 m í stað 5 m, innkeyrslur á lóð verða tvær í stað einnar og bílastæðakrafa lækkar í 1 staði á hverja 35 m². Bæjarstjórn hefur lýst því yfir að hún taki að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna þessara breytinga.

Ofangreindar skipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 14. september 2005,

Pétur Bolli Jóhannesson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um ásetningshlutfall sauðfjár almanaksárið 2006.

Landbúnaðarráðherra hefur í samræmi við ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti, með síðari breytingum, ákveðið að til að hljóta undanþágu frá útflutningsskyldu skuli fjöldi vetrarfóðraðra kindra vera að hámarki 0,72 á hvert ærgildi greiðslumarks á því lögbýli, sem undanþegið kann að vera. Undanþága þessi nær til framleiðslu alm-